

[Ari sýslumaður](#) í Ögri hafði reynt að fá Helga Þorgeirsson dæmdan fyrir hórdómsbrot með stúlku af Ströndum. Eftir mikið þref komst Helgi til Englands. Þar kvæntist hann og átti þá konur í tveim löndum. Hann verslaði síðan tíu sumur á Íslandi en var loks gripinn árið 1639 og tekinn af lífi á þingi 1641.